

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 16. febrúar 2012  
1202021 IE

**Efni:** Umsögn um frv. til breytinga á l. um fæðingar- og foreldraorlof, 109. mál.


Með tölvubréfi 15. febrúar barst Jafnréttisstofu beiðni frá velferðarnefnd um umsögn um frv. til laga um breytingu lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, 109. mál, þskj. 109.

Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu miða að því að gera stöðu allara barna jafna hvað varðar möguleikann á að njóta umönnunar og samvista foreldra/foreldris fyrstu 9 mánuði lífs síns og einnig að öll börn geti notið umönnunar og samvista við foreldra jafn lengi í foreldraorlofi, hvort sem barnið á tvo foreldra eða aðeins eitt foreldri.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur löggjafinn viðurkennt einstæða foreldra sem fjölskylduform og að barn geti átt aðeins eitt foreldri. Því er eðlilegt að breyta lögum um fæðingar- og foreldraorlof þannig að öll börn eigi sama kost á að njóta umönnunar og samvista við foreldri/foreldra í þegar þeir eru í fæðingar- eða foreldraorlofi.

Jafnréttisstofa telur að samþykka eigi þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir  
lögfræðingur